

THE Lion

Blað nr. 231

ÍSLENSK ÚTGÁFA



We Serve

júlí / ágúst 2005



júlí / Ágúst 2005 Blað nr. 231
THE LION IN ICELANDIC
FJÖLUMDÆMI 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknensku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi THE LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109
Tímaritið the Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Sóltúni 20, 105 Reykjavík
er opin frá kl. 12.00 til 15.00
Sími 561 3122
Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is

Ritstjóri:
Ólafur Briem
Grundarlandi 22, 108 Reykjavík,
Sími: 561 3122, netfang: lions@lions.is

Setning, umbrot, prentun:
Prentsmiðjan Gutenberg hf.
Síðumúla 16, 108 Reykjavík

Umsjón auglýsinga: í blað 225 - Lkl. Njörður
í blað 226 - Lkl. Fjörgyn
í blað 227 - Lkl. Eir
í blað 228 - Lkl. Mosfellsbæjar
í blað 229 - Lkl. Fjölínir
í blað 230 - Lkl. Ösp

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109
Starfsárið 2005-2006

Fjölumdamisstjóri: Geir Hauksson, Lkl. Hafnarfjarðar
Umdæmisstjóri 109A: Guðmundur Rafnar Valtýsson,
Lkl. Laugardals

Umdæmisstjóri 109B: Valdimar Þorvaldsson, Lkl. Akraness
Fjölumdamisgjaldkeri: Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni
Fjölumdamisritari: Örn Gunnarsson, Lkl. Ásbirni
Fræðslustjóri: Hrunn Hjaltadóttir, Lkl. Fold
Félaganefndarstjóri: Margrét Jónsdóttir, Lkl. Fold
Félagastjóri: Daniel G Björnsson, Lkl. Munin
Útbreiðslustjóri: Pálmi Hannesson, Lkl. Garði

Alþjóðasamskiptastj. f.v. alþjstjm.: Jón Bjarni Þorsteinsson,
Lkl. Mosfellsbæjar

LCIF stjóri: Halldór Svavarsson, Lkl. Hafnarfjarðar
Kynningarstjóri: Ólafur Vilhjálmsson Lkl. Ásbjörn
Unglingaskiptastjóri Kristjana E Guðlaugsdóttir, Lkl./Esa
F.v. alþjóðastjórnarmaður: Björn Guðmundsson,
Lkl. Kópavogs

Lions Quest stjóri/Ff.fjölumdamisstjóri: Þórunn Gestsdóttir,
Lkl. Eir
Medic Alert stjóri: Magnús B Einarsson, Lkl. Mosfellsbæjar

Menningarstjóri: Jón Eyjólfur Jónsson, Lkl. Nirði
Minja og skjalavörður: Magnús Steingrímsson, Lkl. Vála
NSR AU nefndarmaður: Þór Steinarrson, Lkl. Fjörgyn
Ritstjóri Lionsblaðsins: Ólafur Briem, Lkl. Fjölínir
Prótókolls og Þingstjóri: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Nirði
Sjónverndar og heilbrigðisstjóri: Björn Guðmundsson,
Lkl. Víðarri
Umhverfisstjóri: Sigrún Steinsdóttir, Lkl. Eir
Verkefnastjóri 109A: Björgúlfur Þorsteinsson,
Lkl. Hafnarfjarðar
Verkefnastjóri „Mission 30“: Einar Þórðarson, Lkl. Fjörgyn
Varaumdæmisstjóri 109A: Björgúlfur Þorsteinsson,
Lkl. Hafnarfjarðar
Varaumdæmisstjóri 109B: Jón Gröndal, Lkl. Nirði

Frankvæmdastjórn Lionshreyfingarinnar 2005-2006:
International President Ashok Mehta
Immediate Past President Clement Kusiak
First Vice President Jimmy Ross
Second Vice President Mahendra Jayanthipal Chandima
Amarasuriya

Alþjóðastjórnarmenn 2005-2006:

Alþjóðastjórnarmenn á fyrra ári
Roy H. Barnette, South Carolina, USA
Robert J. Eichhorn, Louisiana, USA
Claus A. Faber, Germany
H. David Fandt, Indiana, USA
Ryu Fushimi, Japan
Terry Dale Graham, Ontario, Canada
Luis Gonzalo Guerrero Carrasco, Ecuador
Wayne Heiman, Wisconsin, USA
Miklos Horvath, Hungary
Sheikh Kabir Hossain, Bangladesh
Howard A. Jenkins, Mississippi, USA
Robert William Moore, New Jersey, USA
Beverly A. Roberts, Georgia, USA
Manoj Shah, Kenya
Philippe Soustelle, France
Dr. Jitsuhiro Yamada, Japan
L. Doug Sime, Massachusetts, USA

Alþjóðastjórnarmenn á seinna ári

Luis Alfredo Almansa
Sebastiao Braga, Belo, Horizonte, Brazil
Richard P. Chaffin, Forest, Virginia, USA
Bill Crawford, Encinitas, California, USA
Clifford (Cliff) S.A. Heywood, North Shore City, New Zealand
Jan A. Holtet, Rasta, Norway
Dr. Mikio Ishibashi, Otaru, Japan
Somsakdi Lovisuth, Bangkok, Thailand
Sergio Maggi, Bari, Italy
Samuel A. Milliken
Don Reese, Eunice, New Mexico, USA
G. Durward „Dur“ Roberson
Maynard Rucks, Minnesota, USA
A.P. Singh, Kolkata, India
Kee-Jung Woo, Kyung San, Republic of Korea
Ernest „Ernie“ Young, Jr., Landsing, Kansas, USA



**Brennandi
metnaður**

Alþjóðasamtök Lionsklúbba
Lionshreyfingin starfar í 194 löndum
Fjöldi Lionsklúbba er 46.000
Fjöldi félaga er 1.4 milljónir

Ísland

Á Íslandi er fjölumdammi 109
Fjölumdammið skiptist í umdæmi
109A og 109B

Í umdæmi A eru 44 Lionsklúbbar
og 1 Lionessklúbbar

Félagar í 109A eru samtals 1112

Í umdæmi B eru 44 Lionsklúbbar
Félagar í 109B eru samtals 1219

Ritstjórastíll

Strákústurinn

Strákústurinn á heimilinu gaf sig í vikunni. Þetta varð til þess að fjárfest var í nýjum strákústi sem væri svo sem ekki í frásögu færandi nema fyrir það að mér varð hugsað til máltækis sem tengist svona kústum og hljóðar þannig: „Nýir vendir sópa best“ og gaf mér efnið í þennan pistil.

Þetta máltæki hefur stundum verið fært upp á það þegar skipt hefur verið um menn og konur í embættum Lionshreyfingarinnar og er oft nokkur eftirvænting bundin við þau sem valist hafa. Í upphafi starfsárs hefur þessara væntinga oft gætt. Stundum hafa þessir nýju sópar valdið vonbrigðum, stundum ekki og allt hefur þetta farið eftir því hvaða tókum þeir hafa tekið það embætti sem þeir hafa verið kosnir eða skipaðir í upphafi starfsárs.

Þegar þetta blað kemur út er strax liðinn einn mánuður af starfsárinu. En það er síður en svo að þessi mánuður hafi farið til spillis. Undirbúningur er mikils virði ef árangur á að nást. Þótt það sé því miður svo að fjölumdamisstjórar, og/eða umdæmisstjórar hafi ekki ávallt borið gæfu til að móta starfið fyrr en allt of langt hefur verið liðið á starfsárið, bera skrif þeirra í blaðinu þess öll merki að áhyggjur séu óþarfar á nýbyrjuðu starfsári.

Ekki aðeins að áhugavert verði að fylgjast með hvernig Geir, Guðmundi Rafnari og Valdimar vegni, heldur einnig að sjá hvað embættismenn fjölumdamisins og umdæma taka sér fyrir hendur. Umdæmisstjórnarnir hafa báðir tekið þá stefnu að heim-sækja klúbbana í landinu í ár, sem er fagnaðarefni og gefur þeim tækifæri til að nálgast „grasrótina“. Þá bið ég spenntur að sjá árangur af starfi Kristjönu unglingskiptastjóra, Daníels, félagastjóra og Ólafs kynningar-

stjóra sem kosin voru til embætta sinna á fjölumdamisþinginu í vor. Svör þeirra við spurningum um væntingar eru á öðrum stað í þessu blaði og vonandi að þeim verði að ósk sinni á starfsárinu.

Árangur kosinna og skipaðra embættismanna byggist á því að þeim sé látin í té greinileg verklýsing og verkaskipting milli hliðstæðra embætta í fjölumdamisráði og umdæmisstjórnnum um leið og gæta þarf þess að ekki sé dregið úr frumkvæði þeirra. Án slíkrar verkaskiptingar og markmiðssetningar getum við gleymt því að tíunda nokkuð um árangur í lok starfsárs.

Þótt ég hafi hér fjallað aðallega um kosna og skipaða embættismenn skal því haldið til haga að starfandi eru „bak við tjöldin“ nokkrir menn sem sinna störfum sínum í kyrrþey og mætti heyrast meira um störf þeirra í þágu hreyfingarinnar. Mætti í því efni meira heyrast til dæmis um starf sérhópa sem stofnað er til með starfs svið og nafngift á erlendri tungu sem aðeins er á valdi örfárra að botna í.

Það er sannfæring mín (og ég vona að ég þurfi ekki að éta það ofan í mig í lok starfsárs) að þeir nýju vendir sem nú eru teknir til starfa muni ná inn í ótal skúmaskot. Þeir eiga áreiðanlega eftir að standa sig vel á starfsárinu. Ég er ekki alveg eins viss með strákústinn. Hann var á útsölu.

Ólafur Briem,
ritstjóri

Efnisyfirlit:

Forustupistlar 3–4

Veganesti 6

Rauðufjaðrarsöfnun 7

Nýr alþjóðaforseti 8

Lions og Rotary 11

Safnarinn 12

Golfmótið á Hellu 14

Geir Hauksson, fjölumðæmisstjóri

Nýtt Lionsár framundan

Um síðustu mánaðarmót lauk 88.alþjóðþingi Lionshreyfingarinnar í Hong Kong. Það fór mjög vel fram að mínum dómi og var öll aðstaða til þinghalds mjög fullkomin enda ráðstefnubýggingin hin glæsilegasta. Við vorum þarna átta Íslendingarnir, nýkjörnir umdæmisstjórar Guðmundur og kona hans Ásdís, Valdimar og kona hans Oddný, Jón Bjarni og Guðrún kona hans og ég og Jórunn mín. Það verður að segjast eins og er að það er mjög gefandi að hitta allt þetta Lionsfólk víðs vegar að úr heiminum og heyra hvernig starfið fer fram hjá því. Viða er starfið mjög ólíkt og verkefnið mismunandi en allt ber þetta að sama brunni, að leggja öðrum lið.

Þingstörfin

Á þinginu voru sett markmið, og ber hæst að nú verður Sight-first II eða Sjónverndarátaki 2 hleypt af stokkunum og spannar það næstu þrjú árin. Á þinginu var sýnt ávarp Helen Keller á alþjóðþinginu í Ohio árið 1925.

Það snart mann djúpt þegar hún í lokin sagði í lauslegri þýðingu:

„Viljið þið ekki hjálpa mér að flýta þeim degi þegar engin blinda verður sem ekki er hægt að koma í veg fyrir,



Geir Hauksson.

ekkert lítið daufðumt, blint barn sem ekki er hægt að kenna, enginn blindur maður eða kona sem ekki er hægt er að hjálpa. Ég skora á ykkur Lionsfólk, ykkur sem hafið sjón, ykkur sem hafið heyrn, ykkur sem eruð sterk, hughraust og góðhjörtuð. Viljið þið ekki vera riddarar hinna

blindu í þessari baráttu gegn myrkrinu“.

Já, það óhætt að segja að það stappar í mann stálinu að heyra þessi orð sögð.

Kjör og markmið alþjóðaforseta

Nýr alþjóðaforseti var kjörinn Ashok Mehta frá Indlandi og voru landsmenn hans fjölmennir á þinginu. Eitt af markmiðum nýs alþjóðaforseta er áframhaldandi fjölgunaráttak, og heitir þetta Mission 30. Það er í meginatriðum plús 1 þ.e.a.s. fjölga um einn félagar í hverjum klúbba og einn nýjan klubb í hverju umdæmi. Þetta virðist því vera á svipuðum nótum og verið hefur gangi hjá okkur hérna.

Íslandsheimsókn alþjóðaforseta

Ashok Mehta kemur í heimsókn til okkar 23-25 ágúst og verður það nánar tilkynnt síðar.

Það er gaman fyrir okkur hér á Fróni að alþjóðaforsetarinn koma því við að heimsækja okkur. Það kom t.d. fram hjá Clement Kusiak að hann komst yfir að sækja heim 50 af um 190 löndum.

Leiðtogaskólinn

Leiðtogaskólinn okkar verður haldinn í haust í fimmta sinn, og er það nánar kynnt á vefsíðunni okkar. Vil ég eindregið hvetja félagana til að sækja um. Fyrstur kemur fyrstur fær eins og máltækið segir.

Unglingaskiptabúðirnar

Unglingaskiptabúðirnar í ár voru settar föstudaginn 15. júlí að Hólum í Hjaltadal. Við Valdimar, umdæmisstjóri 109B, vorum viðstaddir setninguna ásamt konum okkar. Það var gaman að hitta þessa hressu unglinga sem komu frá hinum ýmsu löndum og ekki spillti veðrið fyrir, 22ja stiga hiti. Lionsfélagar í klubbunum á svæðinu hafa ásamt Kristni fráfarandi og Kristjönu viðtakandi unglingskiptastjórum haft í ýmsu að snúast við undirbúninginn og allt virtist hafa gengið upp, enda ekki við öðru að búast hjá þessu dugnaðarfólki. Mér var það sérstök ánægja að vera viðstaddur, því þetta var mitt fyrsta embættisverk sem fjölumðæmisstjóri á nýju Lionsári.

Guðmundur Rafnar Valtýsson, umdæmisstjóri 109A

Hugleiðing í upphafi starfsárs

Eitt starfsár er ekki langur tími og því er gott, strax í upphafi þess, að velta því fyrir sér hvernig við viljum sjá það þróast. Við getum víða lagt lið og Lionshreyfingin er öflug þegar hún beitir sér fyrir góðu málefni. Hún þarf þó alltaf að vera gagnrýnin á verk sín og aðferðir og leitast við að ná til almennings því þar liggur styrkur hreyfingarinnar ekki síður en í hinum almenna félagar.

Alþjóðahjálpar-sjóðurinn

Einhver besta leiðin fyrir klúbba til að láta gott af sér leiða liggur í gegnum Alþjóðahjálparsjóð Lions. Þar nýtist fjármagnið vel. Umsjón Lionsfélaga og verkefnið sem sjóðurinn styrkir koma sér ávallt vel fyrir þá sem þeirra njóta. Allir Lionsklúbbar ættu að hafa það markmið að leggja sjóðnum lið árlega og koma sér upp einhverju lágmarki í þeim efnum eftir getu hvers og eins.

Heimahagarnir

En þótt nauðsynlegt sé að taka þátt í alþjóðaverkefnum þarf líka að huga að því sem nær stendur. Þar hafa margir klúbbar fundið sér föst verk-



Guðmundur Rafnar Valtýsson.

efni til að styrkja en það getur líka verið gagnlegt fyrir alla að breyta til. Lionshreyfingin á Íslandi þarf e.t.v. að leita að nýju verkefni sem nær til alls landsins og allir klúbbar geta tekið þátt í.

Félagsstarfið

Stjórnir klúbba ættu sem fyrst að huga að skipulagi næsta vetrar og hugleiða það markmið hreyfingarinnar að fjölga að lágmarki um einn í hverjum klúbba. Þar verður hver klúbbur að finna sér markhóp og muna svo að hlúa vel að nýjum félögum og ekki síður að þeim sem fyrir eru í klubbnum. Það er ætluð mín sem umdæmisstjóri í 109 A að heimsækja alla klúbba í umdæminu og því væri

gott að láta mig vita hvenær það henti klubbunum að koma þeirri heimsókn við. Því fyrr sem þetta er skipulagt því betra.

Samvinna fjölumðæmis og umdæmisstjórna

Ég vil við þetta tækifæri bjóða umdæmisstjórnir, fulltrúa og svæðis-

stjóra í umdæmum 109 svo og fjölumðæmisstjórn velkomna til starfa með óskum um að starfið gangi vel á árinu. Það er nauðsynlegt að samvinna milli þessara aðila sé góð svo að markviss árangur náist Það er að hluta til okkar að móta starf og verkefni þessa árs og gott að huga að því sem fyrst.

Munið minningarkort Lions

Hin fallegu minningarkort Lions eru nú fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122. Styrkjum fjölbreytt líknarverkefni Lionshreyfingarinnar

Lionshreyfingin

Valdimar Þorvaldsson, umdæmisstjóri 109 B

Öflugt félagsstarf og samvinna

„Passion to Excel“ eða „Brennandi metnaður“ eru einkunnarorð nýkjörins alþjóðaforseta Lions Ashok Mehta. Með þessum orðum sínum er hann að hvetja Lionsfólk um allan heim að leggja sig allt fram í félagsstarfinu. Það er líka það sem fólk í Lionshreyfingunni gerir nær undantekningarlaust,

Á alþjóðþingi Lions sem haldið var í Hong Kong í júní sl. lagði alþjóðaforseti áherslu á að fjölga klúbbunum og einnig félögum klúbba. En það er ekki nóg að taka inn nýja félaga, starfið þarf að vera traust og þannig að menn hafi áhuga á að vinna með. Það hefur stundum hvarflað að mér að það fæli frá að menn verði að taka að sér störf svo sem gjaldkera, ritara og síðar formanns. Ég held að við verðum að beina sjónum okkur að því að nýta mannauðinn, sem er mikill, og gera fólk þá ljóst að þeirra framlag, í hverju sem það sé, þurfi ekki að vera falið í því að taka að sér einhver skylduverkefni í stjórnun. Við vinnum að svo mörgum mannúðarmálum að allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Lions og unga fólk

Á alþjóðþinginu fannst mér einkar athyglisverð sú vinna sem lögð var í að gera okkur, sem það sóttum, dvölina sem þægilegasta. Á hótélunum voru unglingar á aldrinum 15 til 17 ára sem fylgdu okkur að



Valdemar Þorvaldsson.

rúttunum sem fluttu okkur í ráðstefnuhöllina og þar tóku aðrir unglingar við og fylgdu okkur á fundarstaðina og aðstoðuðu á allan hátt. Allir þessir unglingar töluðu ágæta ensku og voru ákaflega kurteisir og elskulegir og ekki var það vegna launanna því að þeir unnu þetta í sjálfbóðaliðavinnu. Það eina sem þeir fengu greitt voru lestar eða vagnferðir að heiman og heim.

Einu laun þeirra voru ánægjan af að vera þarna. Þeir fengu tækifæri til að æfa sig í ensku og höfðu mikinn áhuga á starfi Lions. Gáfu flestir ráðstefnugestir sér tíma til þess að fræða þá um Lionsstarfið - við uppskerum eins og við sáum. Sama hvar við erum í heiminum við getum haft áhrif það er fullt af fólkum sem vill starfa í sama anda og við.

Félagsstarfið

Ég hef alltaf litið á félagsstarf í Lions sem ákveðna braut til að fá að vera þátttakandi í því að láta gott af sér leiða, auk þess sem góður félagskapur er öllum hollur. Flestir sem hafa starfað í Lions þekkja til



Valdimar Þorvaldsson, umdæmisstjóri 109 B og Geir Hauksson, fjölum-dæmisstjóri á tali við Lionsmenn fyrir utan grunnskólann á Hólum.

þess hve traust vinabönd myndast. Þarna er fólk að vinna saman að áhugaefnum sínum, eða eins og ég sagði hér á undan, að láta gott af sér leiða. Í heimsóknum mínum til klúbba mun ég m.a. hvetja til þátttöku í Sight first 2 og söfnun gleraugna handa þeim sem þarfnast þeirra. „Við leggjum lið.“

Starf umdæmisstjóra

Mér er það ljóst að mikið starf biður mín. Heimsækja klúbba í umdæmi 109 B og vera fræðilegur, uppörvandi og uppbyggilegur. En ég hvet einnig til heimsókna milli klúbba og hvet til aukins samstarfs milli klúbba þar sem möguleiki er á því. Menn kynnast, skiptast á upplýsingum og skoðunum sem síðan verður hvati að fleiri verkefnum sem nýtast þeirra klúbbstarfi.

Ég er nú þegar búinn að sinna

einu embættisverki þegar unglingabúðir Lions, „Power North“ voru formlega opnaðar á Hólum í Hjalta-dal, þann 15. júlí sl. Var mjög ánægjulegt að koma þangað ekki hvað sist í bliðskaparveðri eins og þar var og einnig að sjá hve fólk hefur unnið af miklum krafti og metnaði að unglingabúðunum

Ég er einnig farinn að huga að því hvornig best verður að skipuleggja heimsóknirnar í klúbba og hvaða tími sé hentugastur vegna veðra, vinda og einnig starfa Lionsmanna. Mun það gert í samráði við svæðisstjóra. Að mörgu er að hyggja.

Þetta verður annasamt starfsár en ég mun reyna að takast á við það af einurð og einlægni og gera mitt besta.

Ég hlakka til að hitta sem flesta félaga og vonast eftir að eiga gott samstarf við ykkur öll.

Frá Alþjóðasambandinu

Aðferðarsamkeppni

Bestu aðferðirnar - Hugmyndir félaga

Alþjóðasamband Lionsklúbba fær á hverju ári frábærar hugmyndir og áætlanir frá Lionsfélögum um heim allan. Með því að senda þessar hugmyndir til Alþjóðasambandsins geta aðrir klúbbar notið góðs af. „Best Practices Contest“ samkeppnin í fyrra var mjög vel heppnuð og fjölmargir Lionsklúbbar nutu góðs af þeim hugmyndum sem þeir deildu með sér. Við leitum eftir bestu og djörfustu hugmyndunum í sambandi við boð um inngöngu, nýliðun eða félagagæslu frá Lionsklúbbum um heim allan.

Í samkeppninni á þessu ári verður athyglinni beint að tveim aðalatriðum

1. Öflun nýrra félaga
2. Félagagæsla og þátttaka félaga í klúbbstarfinu

Segið frá aðferðum ykkar við öflun nýrra félaga og/eða félagagæslu. Fram þarf að koma nákvæm lýsing á aðferðum með áherslu á hugmyndina sem að baki liggur ásamt því hver árangurinn hefur verið. Þetta verður að byggjast á raunverulegum aðferðum sem notaðar hafa verið.

Bestu hugmyndunum verður síðan deilt með Lionsfélögum um heim allan og verða til að treysta aðferðir til öflunar nýrra félaga og félagagæslu. Þar með öðlast klúbbar fleiri hendur til að takast á við verkefni í heima-byggð.

Viðurkenningar

Auk þess að vera sameiginlegt verkefni Lionsfélaga um heim allan verða viðurkenningar veittar 50 Lionsklúbbum á hverju stjórnunarsvæði Lionshreyfingarinnar sem hér segir:

1. Fyrstu verðlaun: Fánaborg og klúbbfánamerki
 2. 10 Önnur verðlaun: Klúbbfánamerki og viðurkenningarskjál
 3. 36 Þriðju verðlaun: Klúbbfánamerki og viðurkenningarskjál
- Sérstök nefnd Lionsfélaga munu velja sigurvegarana.

Skilafrestur:

Frestur til að skila hugmyndum er til 31. október 2005 kl. 4.00 e.h. að bandarískum tíma.

Þeim sem viðurkenningar hljóta verður um það tilkynnt í febrúar 2006.

Nánari reglur varðandi samkeppnina liggja frammi á Lionsskrifstofunni.

Nýir embættismenn í fjölumdæmisráði

Á nýafstöðnu fjölumdæmisþingi urður helstu breytingar á kjörnum embættismönnum fjölumdæmisráðs þær að Kristjana E. Guðlaugsdóttir, Lkl. Æsu var kosin unglingskiptastjóri, Ólafur Vilhjálmsson, Lkl. Ásbirni, kynningarstjóri og Daniel G. Björnsson, Lkl. Munin, félagastjóri.

Af þessu tilefni bað blaðið þessa embættismenn að svara nokkrum spurningum um væntingar þeirra á nýju starfssviði innan hreyfingarinnar.

Spurningarnar voru svo hljóðandi:

1. Hvaða skoðun hefur þú á embætti því sem þú varst kosin(n) til á þinginu?
2. Hvað er það helst sem þú munt leggja áherslu á á þínu kjörtímabili?
3. Hvaða væntingar hefur þú um árangur í lok kjörtímabils?

Kristjana E. Guðlaugsdóttir, unglingskiptastjóri, Lkl. Æsu



Kristjana E. Guðlaugsdóttir

heims með því að gefa ungmennum þjóðanna tækifæri til að tengjast vin-

áttuböndum og víkka sjóndeildarhring þeirra. Í gegnum embætti unglingskiptastjóra fæ ég tækifæri til þess að leggja þessum málaflokki lið mitt og um leið fæ ég að vera vitni að því þegar vináttuböndin myndast.

2. Ég mun fyrst og fremst leggja áherslu á kynningarmál. Með kynningu á þessu verkefni sem unglingskipti eru trúir ég því að okkur takist að fylla öll pláss, – þau pláss sem við höfum opin fyrir erlendu gestina og ekki síður fyrir unga fólkið okkar sem vill nýta sér þetta tækifæri til utanfarar og ævintýra.

3. Væntingarnar tengjast fyrst og fremst því að öll plássin verði fyllt sem og að okkur takist „að vekja og efla anda skilnings meðal þjóða heims“ hjá þeim einstaklingum sem taka þátt í þessu skemmtilega starfi.

Daniel G. Björnsson, félagastjóri, Lkl. Munin



Daniel G. Björnsson

1. Ég tel þetta embætti vera eitt af mikilvægustu embættum í hreyfingunni.

2. Ég mun leggja áherslu á að hefta brottfall og fjölga í hreyfingunni, en það er ekki á eins manns færi. Til þess að ná árangri tel ég að náði samstarf eigi að vera milli félagastjóra, fræðslustjóra, útbreiðslustjóra og kynningarstjóra.

3. Að þessum aðilum hafi tekist að taka saman höndum hreyfingunni til heilla.

Ólafur S. Vilhjálmsson, kynningarstjóri, Lkl. Ásbirni



Ólafur S. Vilhjálmsson

1. Embættið felur í sér, að fá stjórnir klúbba, og hreyfinguna alla í samstarf, ásamt því að koma á framfæri til Lionsfélaga og almennings því sem hreyfingin er að gera hverju sinni.

2. Þar sem ég er kjörinn aðeins til eins árs þarf að bregðast skjótt við og afla góðra tengiliða bæði hjá fjölmiðlum og Lionsklúbbum um land allt.

3. Væntingar mínar velta alfarið á þeim upplýsingum sem ég fæ til að vinna úr. Mínan helstu væntingar eru að Lionsmenn komi sínum verkum á framfæri, vekji helst athygli og almennan áhuga á hreyfingunni. Þó ekki síst löngun fólks til að starfa með okkur að þeim fjölmörgu verkefnum sem við vinnum að.

Unglingaskipti Lions

Unglingaskipti Lions voru að þessu sinni í B-umdæmi, Lionsklúbbarnir á Akranesi og í Borgarnesi sáu alfarið um heimgistinguna sem var frá 8. til 15. júlí og svo aftur frá 27. júlí til heimferðar unglingsanna á föstudegi fyrir verslunarmannahelgi. Unglingabúðirnar voru á Hólum í Hjaltadal og í umsjá Lionsklúbba á svæði 6. Setning búðanna fór fram þann 15. júlí að Hólum.



Geir Hauksson notaði tækifærið og afhenti íslenska barmmerkið og bauð unga fólkið velkomið.

Dagskráin var óformleg og notaleg. Eftir að hafa bragðað á listagóðum fiskréttum voru ungu gestirnir boðnir velkomnir. Eins og við Lionsmenn þekkjum eru barmmerki og fánar vinsæl skiptimynt, hér má sjá Kristinn Hannesson afhenda gestunum íslenska unglingskiptapinnann ásamt fána unglingskiptastjóra um leið og hann bjóður þá velkomna.



Það var íslenskt sumarveður eins og það gerist best við setningu búðanna. Ungu gestirnir okkar höfðu lítið séð af sólinni á meðan heimgisting stóð yfir en hún tók vel á móti þeim að Hólum. Fólk naut veðurblíðunnar og þess að hittast og njóta góðra samvista.



Hér er hópurinn samankominn ásamt Eiríki Loftssyni unglingskiptastjóra. Hér biða allir í eftirvæntingu eftir því að mega smakka á drekkhlöðnu fiskhlaðborði sem Jón Daniel Jónsson matreiðslumaður á Kaffi Krók reiddi fram.

Ólafur Árni Halldórsson, Lkl. Hafnarfjarðar, félagafulltrúi 109A

Hugmyndir að lausn vandans

Veganesti í upphafi starfsárs

Grein byggð á erindi fluttu á fjölmæðisþingi Lions 2005

„Hugmyndir eru eins og lifandi fyrirbrigði sem geta vaxið og dafnað, allt eftir því hvað gert er við þær!“

Allir vita að slíkar myndir birtast ekki á filmu né rafrænum minniskubbi þegar maður fær þær. Famköllun getur því reynt nokkur þraut. Hér verður reynd sú hefðbundna aðferð í slíkum tilvikum að nota texta ásamt teikningu til skýringa. Hugmyndirnar sem hér um ræðir hafa þann megin tilgang að fá okkur til að líta upp frá tveimur margræddum vandamálum Lionshreyfingarinnar og skoða nýtt sjónarhorn til lausnar beggja í sömu andrænni. Melvin Jones sagði 1917 að eitt grundvallaratriði í starfi Lionsfólks væri „að skoða þarfir samfélags síns og fullnægja þeim“. Ég staðhæfi að brottfall félaga og erfiðleikar við fjölgun eru ekki vandamál, heldur það, að við höfum blindast af því að horfa stöðugt á það sem vandamál.

Hvað gerist ef við stöðrum við og skoðum þarfir samfélagsins sem við búum í? Finnast lausnirnar í þörfunum? Er hugsanlegt að ef við vinnum út frá þörfum samfélagsins þá verði það ósjálfrátt til lausnar vandamála sem Lionshreyfingin á við að glíma?

Þarfir og fræðigreinar – Þekking og reynsla

Margar fræðigreinar fjalla um þarfir. Markaðsfræði meðal annars um framleiðslu og sölu á vöru og þjónustu þar sem allt byggir á þörfum einstaklinga og samfélags. Sálfræði um þarfir einstaklinga, og þá ekki síst atferlisfræðin. Félagsfræðin meðal annars um þarfir samfélaga. Nýsköpun snýst nánast öll um þarfir. Sama gera einnig allar greinar hönnunar. Það er engin tilviljun að Melvin Jones telur mat á þörfum grundvallaratriðið í störfum Lionshreyfingarinnar. Á því byggir hún starf sitt og það er grunnurinn að viðhaldi hennar. Framtíð Lionshreyfingarinnar byggist á því hvort og hvernig hún skoðar þarfir samfélagsins og fullnægir þeim. Sé það gert á grundvelli fræðanna og reynslu sem við höfum þá eru meiri líkur til þess að lausnir finnist á okkar vanda. Þekking og reynsla er vel til þess fallin að stýra öflugasta verkfæri mannkyns sem er

vandlega varðveitt í höfði okkar. Ef við náum tökum á því eru okkur allir vegir færir.

Þarfir samfélagsins og Lionshreyfingin

Fjöldi þarfa samfélags okkar og einstaklinga er gríðarlegur. Lionshreyfingin hefur það megin markmið að fullnægja þessum þörfum. Það er ekki auðvelt að velja „réttar þarfir“ og oft festumst við í fullnægingu sömu þarfa ár eftir ár. Allar breytingar virka almennt neikvætt á okkur og við reynum ósjálfrátt að forðast þær. Vilji einhver bregða út af vananum þá mætir hann nánast undantekningalaust mótstöðu. Samt verðum við sífellt að spyrja okkur hvort við séum að fullnægja þörfum samfélagsins.

Til að einfalda valið höfum við flokkað þarfirnar í skilgreinda verkefnaflokka. Líknarmál eru þar stór flokkur verkefna. Menningarmál eru einnig risavaxinn flokkur með fjölda verkefna. Eigum við að velja annan hvorn eða báða? Hvaða mál hafa ver-

ið mest áberandi í vali Lionsfólks?

Svar mitt byggist á tilfinningu minni fyrir því hvernig ég tel að samfélagið upplifi störf Lions. Oftar eru valdar þarfir tengdar líknarmálum. Lionshreyfingin hefur lyft þar mörgu grettistaki sem fullnægt hefur gríðarlegum þörfum. Við erum þekktari fyrir störf að líknarmálum en t.d. menningarmálum. Okkur ber að halda áfram á þeim sviðum sem hingað til. Það þýðir þó ekki að val okkar sé endilega rétt með tilliti til þarfa samfélaga á hverjum stað. Þarfirnar þarfnast stöðugar skoðunar vegna þess að þær eru breytilegar. Þótt verkefnanefnd Lionsklúbbsins velji ár eftir ár að fjármagna kaup tækja fyrir sjúkrahúsið í byggðarlaginu þá þýðir það ekki endilega að þar sé brýnasta þörf þess samfélags. Við þurfum að læra að spyrja okkur hvort samfélagið hafi einhverja brýnni þörf og leggja okkar mat á það. **Dæmi:** Lionsklúbburinn í byggðarlaginu hefur síðustu áratugi verið árlega með fjáröflun til tækja-kaupa fyrir sjúkrahúsið. Margir

klúbbfélaga hafa verið í honum frá stofnun. Meðalaldur félaga er 65 ár og þeir vilja ekki breyta út af vananum. Nú vill svo til að það er stofnað leiklistarfélag á staðnum, kór, lúðrasveit og myndlistarfélag. Hafa ekki þarna myndast nýjar þarfir? Hvaða þarfir eru nú brýnastar? Hvernig getur Lions brugðist við og fullnægt þeim?


Klúbburinn sinnir ekki fjölmörgum bréfum með beiðni nýstofnaðra menningarfélaga um aðstoð. Næstu tvö ár halda félögin áfram að senda beiðnir um aðstoð til Lionsklúbbsins án árangurs. Þriðja árið hætta öll félögin starfsemi.

Þó að félögin í þessu ímyndaða dæmi hafi hætt starfsemi er ekki þar með sagt að þeirra sé ekki þörf. Hefði Lionsklúbburinn átt að leggja félögunum lið? Var rangt að halda áfram fjáröflun fyrir sjúkrahúsið? Alls ekki. Klúbburinn fullnægði þörf sem er stöðugt fyrir hendi og íbúar staðarins eru honum ævinlega þakklátir. Hefði verið hægt að fara einhverja aðra leið til aðstoðar menningarfélögunum í byggðarlaginu? **Gæti svarið verið í skýringarmyndinni?**

Ekki er víst að menningarfélögin hætti endilega starfsemi sinni þótt móti blási og víðast reyna þau af veikum mætti að halda áfram. Nokkuð sem ég veit af eigin reynslu. En það er umhugsunarefni að fleira ungt fólk hefur orðið á vegi mínum í menningarfélögunum en í Lionshreyfingunni. Þetta fólk er yngra og hefur aðrar þarfir en eldra fólk í mörgum Lionsklúbbum. Þess vegna gæti verið betri kostur að stofna nýjan Lionsklúbb með fólkinu en að bjóða því að ganga til liðs við gamlan klúbb. Þeir yngri aðlagast ekki þörfum þeirra eldri og staldra stutt við í klúbbnum.

Virkjun drifkrafta atferlis og áhugamála

Hvað drífur okkur áfram í því sem við tökum okkur fyrir hendur? Hvað drífur þig áfram? Hvers vegna ertu í kórnum, leiklistarfélaginu, lúðrasveitinni, myndlistarfélaginu eða Lionsklúbbnum? Er hugsanlegt að það sé áhuginn sem drífur þig áfram svo fullnægt sé þörf þinni fyrir ánægjuna sem það veitir. Það veitir þér örugglega umbun í formi lífsfyllingar,



gleði og ánægju að stunda þín áhugamál. Er þá hægt að virkja afl fólks með ákveðin áhugamál til stofnunar nýrra Lionsklúbba? Sameina fólk í Lionsklúbba svo það geti betur fullnægt þörf og umbun sem sprottin er af aðaláhugamáli þess? **Sjá skýringarmynd.**

Hægt er að hafa mikil áhrif á atferli okkar með því sem nefnt er styrkingar í atferlisfræðum. Jákvæð umbun er eitt form styrkingar sem leiðir til og styrkir jákvætt atferli. Ef félögum í leiklistarfélaginu, kórnum og lúðrasveitinni væri gerð ljós sú umbun sem gæti verið fólgin í því að nokkrir úr öllum félögum sameinuðust um stofnun Lionsklúbbs þá má leiða sterkar líkur að því að þessir félagar myndu stofna klúbb. Þegar fólk svo uppgötvar einnig ánægju

una af því að vera í Lionsklúbbum er umbunin orðin tvöföld. Standist kenningar fræðanna má einnig leiða líkur að því að starfstíminn í Lionsklúbbum verði langur því það leggur hart að sér til að fá sína umbun með því að stuðla að bættu starfi félaga sinna í menningarlífinu. Sama gæti auðvitað átt við um litla hópa sem starfa á afmörkuðum sviðum líknarmála. **Sjá skýringarmynd.** Fólk sem kæmi úr litlu félögum gæti svo þekkt annað fólk, jafnvel á svipuðum aldri og það sjálft, sem ekki er í leiklist eða tónlist en vildi samt starfa með þeim í Lionsklúbbum. Það er jafnvel áhugafólk um menningu og nýtur þess að hinir geta sungið, spilað og leikið. Fullnægjandi umbun gæti verið að vera með vinum og um leið stuðla að því

að betur gangi hjá leikfélaginu eða kórnum. **Sjá skýringarmynd.**

Það er því mat mitt að sé byggt á áhugamálum sem fólk hefur fyrir sé það mjög álitlegt til lausnar tveggja vandamála Lionshreyfingarinnar. Lausn á báðum gæti verið fólgin í sömu aðgerðinni. Klúbbum og félögum fjölga og þörfin fyrir að vinna að, efla og styrkja það sem er aðaláhugamál fólks heldur því í hreyfingunni því það mun fljótt sjá árangurinn sem almennt næst í krafti Lionshreyfingarinnar.

Áskorun

Ég skora á þig, sem formann Lionsklúbbs, að boða strax stjórnir þriggja félaga menningarmála í þínu byggðarlagi til fundar. Stjórn þín ásamt stjórnnum þessara félaga boða

svo fund allra félagsmanna sinna og kynna þeim Lionshreyfinguna og þann ávinning sem stofnun klúbbs leiðir af sér fyrir menningarfélögin. Skrái sig nægur fjöldi til þátttöku í nýjum klúbba hefur þú samband við útbreiðslustjóra Lions sem mun aðstoða við nauðsynleg formsatriði vegna stofnunar klúbbsins. Mundu að margir eru reiðubúnir að leggja klúbbum þínum lið ef hann ákveður að gerast móðurklúbbur nýs klúbbs. Öll hreyfingin stendur að baki þér. Hefjum virkjunarframkvæmdir strax. Þær þurfa ekki að fara í umhverfismat en grenndarkynning gæti þó gefið góða raun. Fullnægingu þarfanna í formi aðgerða er þörf strax! **Í fullnægingu þarfanna liggja lausnirnar.**

Kristján Kristjánsson, Lkl. Tý, formaður Rauðu fjaðrar nefndar

Rauða fjöðrin 2004

Úrdráttur úr skýrslu Rauðu fjaðrar nefndar á Fjöllumdæmisþingi 23.apríl 2005

Í síðustu Rauðu fjaðrar söfnun var safnað eftir þremur leiðum: Með söfnunarbaukum, með munasölu og með söfnunarsímanúmeri.

Baukasöfnunin gaf okkur	kr. 15.014.741,-	+ vextir	144.141,-	=	15.158.882,-
Munasalan gaf okkur	kr. 5.738.000,-	+ vextir	90.351,-	=	5.828.351,-
Söfnunarsíminn gaf okkur	kr. 985.950,-	+ vextir	14.367,-	=	1.000.317,-
Samtals gerir þetta:	kr. 21.738.691,-	+ vextir	248.859,-	=	21.987.550,-

Útlagður kostnaður við söfnunina var aðallega auglýsingar, prentun, pappír og sendingar en þar er um að ræða kr. 7.648.699,-

Til ráðstöfunar verður því mismunurinn sem er kr. 14.338.851,-

Þetta segir þó ekki allt því þessu til viðbótar eru miklir styrkir sem við höfum fengið, aðallega í því formi að aðilar hafa gefið afslætti og þannig lækkað kostnað eða ekki skrifað reikninga fyrir þeirri vinnu sem var lögð fram eða hreinlega greitt fyrir okkur kostnað. Uppgjör á „greiddum kostnaði“

og mat á þeirri vinnu sem þannig hefur verið lögð fram hefur ekki verið gert en reikna má með að þar sé um að ræða hátt í þrjár milljónir sem koma þá inn bæði í plús og mínus. Stærstu liðirnir þar eru vinna auglýsingastofunnar Nonna og Manna, vinna kvikmyndafyrirtækisins Sviðsmynda og auglýsingar á Stöð 2 vegna þáttarins „Viltu vinna milljón“

Heildarsöfnunin hefur því gefið um 25 milljónir og kostnaður verið rúmar tíu milljónir. Eins og ég gat



Kristján Kristjánsson.

um þá liggur meginhluti í útlögðum kostnaði í auglýsingum og prentun. Meginhluti í „greiddum kostnaði“ er vinna þeirra fyrirtækja sem hafa lagt okkur lið. Vera má að einhverjum þyki þetta mikill kostnaður en ég get þó fullyrt að auglýsingar fengum við allar á mjög góðu verði.

Vert er að minna á að eitt af markmiðum söfnunarinnar var að vekja athygli á Lionshreyfingunni. Það gerðum við með því að láta söfnunina standa í heila viku þar sem stórar auglýsingar voru í gangi dagana á undan og alla söfnunardagana.

Úthlutun

Varðandi úthlutun þá hefur eitt verkefni verið skoðað sérstaklega. Það sem helst er skoðað eru kaup eða rekstrarleiga á bifreið eða bifreið-

um til notkunar á dvalarheimilum fyrir fötluð og veik börn. Þessi bifreið eða bifreiðar eru hugsaðar þannig að þær væru til ráðstöfunar fyrir starfsfólk heimilanna til að skutla börnum í aukátíma, meðferðartíma og afþreyingu en líka fyrir foreldra að fá þarna tækifæri að fara með börnin í styttri ferðir í vel útbúnum bíl sem hentar til slíkra nota. Við hugsum þetta ekki þannig að með þessu fylgi bílstjóri, því við vilj-

um ekki ganga inn á verksvið atvinnubíla sem sinna hliðstæðum verkefnum. Í dag eru þessi mál ýmist leyst með bílum starfsfólksins eða foreldranna eða leigubílum þegar brýn þörf er eða þá að þessar ferðir eru ekki farnar. Við hugsum okkur að þessi bifreið eða bifreiðar verði vel merktar Lionshreyfingunni og ef til vill einnig auglýsingum einhverra styrktaraðila.

SKONDID • SKONDID

Það var Evrípides sem sagði: „Ver hljóður eða segðu eitt-hvað sem er meira virði en þögnin“

* * *

Jónas Jónsson, Reykvikur frá Grjótheimum sagði, þegar hann var orðinn lífsreynður:

Eina hef ég alltaf haft aðferðina tama.

Þeim, sem byrja að brúka kjaft býð ég upp á sama.

* * *

Bestu áheyrndurnir eru greindir, menntaðir og dulítið við skál.

Nýr Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar Ashok Mehta

**Ashok Mehta var kosinn alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar 2005-2006 á áttugasta og áttunda alþjóðafinginu í Hong Kong 1. júlí 2005.
Einkunnarorð alþjóðaforsetans eru: „Brennandi metnaður“.**



Ashok Mehta, Kokila og Shital.

Fjölskyldan

Hann fæddist í Rajkot á Indlandi, yngstur 6 systkina. Faðir hans var málsmetandi á menntasviðinu og hjálpaði til við að skipuleggja menntakerfið á Indlandi í framhaldi af sjálfstæði þjóðarinnar frá Bretlandi árið 1947. Tveir bræður hans voru virkir á sviði viðskipta, annar í Bandaríkjunum og hinn á Indlandi. Sá þriðji var endurskoðandi og sá fjórði skurðlæknir. Systirin varð borgarstjóri í Nýju Delhi og átti verulegan þátt í uppbyggingu borgarinnar eftir að Indira Gandhi varð forsætisráðherra.

Eiginkona Ashok Mehta, Kokila, er hagfræðingur að mennt og eiga þau eina dóttur, Shital, sem er fatahönnuður á Indlandi og í Bandaríkjunum. Þau hafa öll hlotið Melvin Jones „Progressive“ viðurkenningu.

Menntun og störf

Skólaganga alþjóðaforseta var í fyrstu í Rajkot en framhaldsnám stundaði hann í Bombay þar sem hann öðlaðist endurskoðunarréttindi ásamt bróður sínum. Í stað þess að starfa við endurskoðun valdi hann takast á hendur stjórnunarstöðu í Mukan Iron Ltd., einkafyrirtæki með 10.000 starfsmenn þar sem hann starfaði í 40 ár. Meðan hann starfaði hjá fyrirtækinu var hann fluttur til Nýju Delí þar sem hann var kynntur fyrir forsætisráðherranum Indiru Gandhi og var valinn til ráðgjafar í ríkisstjórn hennar að því, meðal annars að bæta samskiptin milli Indlands og Tanzaníu. Þótt Ashok Mehta sé nú sestur í helgan stein er hann virtur í sínu heimalandi bæði í því starfi sem hann valdi sér og á opinberum vettvangi.

Kynnin við Lions

Áður en Ashok Mehta gekk til liðs við Lionshreyfinguna hafði hann kynnst starfi hennar á sviði sjónverndarverkefna og hrifist mjög af því. Tók hann ákvörðun um að láta gott af sér leiða með því að ganga til liðs við hreyfinguna. Á vegum Lionsklubbanna á Indlandi og sérfræðinga á þeirra vegum eru framkvæmdar milli 10.000 og 20.000 aðgerðir árlega. Á Indlandi eru nú 142.000 Lionsfélagar í 5000 klúbbum og fer ört fjölgandi.

Starf Ashok Mehta í klúbbi sínum fór vaxandi svo eftir var tekið og hann var því fljótlega beðinn að gefa kost á sér til embættis umdæmisstjóra 323 A og tók við því embætti á alþjóðafinginu í Montreal 1979. Hafði þingið slík áhrif á hann að hann hefur ekki misst af þingi síðan. Á alþjóðafinginu í New Orleans 1986 var hann svo kosinn í alþjóðastjórn. Hann var þá eini fulltrúi stærsta stjórnunarsvæðis Lions, en á því svæði eru 57 lönd og Lionsfélagar rúmlega 200.000 í menningarheimi fjölda tungumála. Hefur fjölgunin á svæðinu orðið slík að fulltrúarnir eru nú orðnir þrír.

Sjónvernd

Alþjóðaforsetinn sat í alþjóðanefndinni sem hleypti af stokkunum SightFirst sjónverndarverkefninu árið 1991. Hann var ekki bjartsýnn á að það háleita markmið næðist að safna eitt hundrað og tuttugu milljónum dollara og taldi það í raun ómögulegt, en í raun söfnuðust eitt hundrað fjórtíu og fjórar milljónir dollara fyrir atorku Lionsfélaga í baráttunni gegn blindu.

Alþjóðaforsetinn minnst orða móður Teresu um gjafmildi: „gefið þar til ykkur verkjar“. Nú hefur SightFirst II verkefninu verið hleypt af stokkum og hann vonast til að sjá jafnvel meiri árangur í baráttunni gegn blindu. Vegna fyrri söfnunarinnar tókst að gera rúmlega þrjár milljónir augnaaðgerða á Indlandi án endurgjalds auk þess sem 100 sjónverndarstöðvar hafa verið settar á stofn. Af 37 milljónum blindra í heiminum 16 milljónir á Indlandi svo þörfin er brýn, ekki aðeins þar heldur einnig um heim allan. Alþjóðaforsetinn er sannfærður

að með SightFirst II sjónverndarverkefninu munum við ná enn lengra í baráttunni gegn blindu um heim allan. Það er einnig álit alþjóðaforseta að Alþjóðasamband Lionsklúbba, í samvinnu við aðrar stofnanir sem helgað hafa sig sjónvernd, eigi að hafa forustu á tveimur öðrum sviðum, þ.e. sykursýkisáhrif á birtuskynjun og barnblindu. Þar skyldi haft í huga að sykursýki er sá sjúkdómur sem flestum dauðsföllum veldur án þess að gera boð á undan sér.

Löngun til að leggja lið

Vegna forustuhæfileika sinna og ötuls starfs hefur Ashok Mehta verið sæmdur fjölda viðurkenninga meðal annars fyrir að vera meðmælandi 250 nýrra félaga og fyrir að standa að stofnun 19 nýrra klúbba. Þá hefur hann einnig hlotið viðurkenningu opinberra aðila í heimalandi sínu sem og erlendis fyrir störf sín.

Alþjóðaforsetinn telur fjölbreytni í starfi hans fyrir Lionshreyfinguna vera það veganesti sem komi honum mest til góða nú þegar hann stendur frammi fyrir því að takast á við embætti alþjóðaforseta Lions.

Ashok Mehta mun gera allt sem í hans valdi stendur til að Alþjóðasamband Lionsklúbba vaxi og dafni meðan hann er í embætti alþjóðaforseta. Hann leggur áherslu á félagafræðslu, en sjálfur hefur hann tekið þátt í að skipuleggja umdæmisstjóraskóla á 10 alþjóðafingum. Einnig telur hann félagafjölgun nauðsynlega til þess að hreyfingin haldi stöðu sinni sem leiðandi afl í sjálfbóðaliðsstarfi.

Til þess að alþjóðaforseti nái markmiðum sínum er það von hans að hvert umdæmi verði við bón hans um að stofna að minnsta kosti einn Lionsklúbb og hver klúbbur fjölgi félögum um einn og að lágmarksfjöldi félaga verði 20 í hverjum Lionsklúbbi. Hann er sannfærður um að þetta muni takast. Hann lítur björtum augum til þeirra framtíðarmöguleika að Lionshreyfingin starfi í 200 þjóðlöndum í náinni framtíð og hann lítur á núverandi verkefni hreyfingarinnar og makmið, um heim allan, arf frá stofnun hreyfingarinnar 1917 sem er að starfa ætíð af brennandi metnaði.



Stórfjölskyldan.

SVIPMYNDIR FRÁ ALPJÓÐAÞINGI 2005 • SVIPMYNDIR FRÁ ALPJÓÐAÞINGI 2005



Viðtakandi og fráfarandi alþjóðaforsetar.



Fráfarandi forseti og frú veifa mannföldanum.



Þessi mynd birtist á heimasíðu hreyfingarinnar. Af Oddnýju og Valdimar umdæmisstjóra.



Guðmundur Rafnar Valtýsson, Ida H.Malone og Valdimar Þorvaldsson á alþjóðþingi Lions í Hong Kong. Ída er íslensk og er umdæmisstjóri MD 19 C (Washington). Því var gantast með að Ísland ætti þrjá umdæmisstjóra!



Fjöllumdæmisstjóri, umdæmisstjórar og makar á alþjóðþingiunum í Hong Kong, Valdimar, Oddný, Geir, Jórunn, Ásdís og Guðmundur Rafnar.

Á myndina vantar Jón Bjarna Þorsteinsson og frú Guðrúnu sem einnig sóttu þingið.



Þingfulltrúar á alþjóðþingi. Um það bil 2200 Lionsfélagar og fjölskyldur þeirra sóttu þingið.



Oddný Valgeirsdóttir, kona Valdimars Þorvaldssonar umdæmisstjóra 109 B ásamt Patrick Leung, einum af fjölmörgum sjálfboðaliðum á alþjóðþingiunum í Hong Kong.

Jimmy Ross í heimsókn



Heimsókn að Hlein við Reykjaland. Velda og Jimmy Ross ásamt Jóni Bjarna Þorsteinssyni alþjóðasamskiptastjóra Lions

Nýlega var hér í heimsókn Jimmy Ross, annar varaforseti Alþjóðasamtaka Lionsklúbba. Jimmy er Texasbúi, félagi í Lkl. Quitaque. Meðan á dvöl hans stóð hélt hann tvo tveggja klukkustunda fundi með forustu Lionshreyfingarinnar hér á landi þar sem hann kynnti sig og málefni þau sem hann mundi leggja áherslu á þegar hann tæki sæti alþjóðaforseta. Sýndi Jimmy af sér mælskulist slíka að varla var að hann gerði hlé á máli sínu nema til þess að kalla eftir fyrirspurnum úr sal. Margt af því sem varaforsetinn hafði fram að færa á erindi til Lionsfélaga á Íslandi og því varð að ráði að ég ræddi við Jimmy um skoðun hans á ýmsum málum sem sérstaklega hafa verið til umræðu meðal Lionsfélaga hér á landi.

Jimmy hafði á fundum sínum talað um að hann vildi heldur horfast í augu við Lionsfélaga og ræða málin en að skoða eitthvað sem Lionsfélagar hefðu afrekað.

Ég spurði hann: „Hvers vegna?“


Svar: „Sannleikurinn er sá að ég get lesið um verkefni þau sem Lionsklúbbar taka sér fyrir hendur. Ég get séð myndir af verkefnum, en fyrir mig, sem forustumann í alþjóðahreyfingunni, finnst mér nauðsynlegt að Lionsfélagar fái tækifæri til að kynna mér og að ég kynnist þeim. Þannig get ég spurt þá um breytingar sem þeir telja nauðsynlegar í starfi hreyfingarinnar. Þetta þýðir samt ekki að ég telji ekki verkefni þeirra mikils virði.“

Hvað skoðun hefur þú á stærð klúbba?

Svar: „Lionsklúbbarnir eru sjálfstæðir og hafa fullan rétt til verkefna sinna. Mér er ekki kunnugt um að stofnandi Lionshreyfingarinnar, Melvin Jones, hafi nokkru sinni sagt að klúbbar ættu að vera af einhverri sérstakri stærð. Það eru margar ástæður fyrir litlum klúbbum. Þetta gæti til

dæmis verið vegna verkefna sem klúbburinn hefur helgað sér og ef til vill takmarkar íbúafjöldi byggðarlags fjölda félaga í klúbbum. Þessir klúbbar leggja lið í sinni heimabyggð og ég held að affarasælast sé að þeir haldi því áfram. Meðan þeir starfa er líka alltaf möguleiki á að þeir stækki. Þegar klúbbur hefur verið lagður niður getur verið býsna erfitt að stofna klúbb aftur síðar. Mér virðist að verði klúbbar skyldaðir til að fjölga félögum, þá sé hvorki fyrir hendi skilningur á starfi Lionsfélaganna né skjólstæðingum þeirra og samskiptunum og ég held að slík skylda yrði lítills metin af Lionsfélögum. Vegna umræðna sem fram hafa farið um klúbba með færri félaga en 10, þá mun ég taka málið upp í alþjóðastjórninni og óska endurskoðunar á því máli í því augnarmiði að hætt verði við öll áform um lágmarksfjölda félaga í klúbbum.

Á hinn bóginn tel ég ekki grund-



Jimmy Ross í Lionsheimilinu ásamt fjölmáttáttastjóra 2004-2005 Þórunni Gestsdóttur

Hvernig virkar grasrótarkenn- ing þín?

Svar: „Lionsklúbbarnir eru eins og viðskiptavinir - í okkar umhverfi viðskiptavinir Alþjóðasamtaka Lionsklúbba. Þeir þurfa að geta komið á



Velda og Jimmy gátu ekki dulit hrifningu sína af skyri í kvöldverðarboði Lions.

völl til þess að lækka lágmarksfjölda sem krafist er til stofnunar klúbbs niður fyrir 20. Ég hef stofnað um 400 klúbba og þetta hefur ekki verið vandamál. En þetta er eitt af þeim málum sem ég er reiðubúinn að endurskoða og taka til umræðu og ég er reiðubúinn að skipta um skoðun telji ég tilefni til þess. Auðvitað er hægt að stofna klúbbadeildir og þær eiga rétt á sér í sérstökum tilvikum. Það er ef til vill vegna þess að ég hef ekki átt í neinum vanda með að ná saman 20 aðilum til að stofna klúbb að ég hef frekar hneigst að stofnun klúbba fremur en deilda með takmörkuðu sjálfstæði. Ég er samt fylgjandi stofnun deilda í þeirri von að úr þeim verði Lionsklúbbar í tímann ráns.

framfæri við okkur upplýsingum um þarfir og breytingar sem þeim sýnast nauðsynlegar í sínu starfsumhverfi. Þegar við svo höfum öðlast skilning á því að sömu reglur henta ekki öllum getum við metið hvað við getum gert til að mæta væntingum ykkar, vanda- málum og markmiðum. Sem yfir- maður gæfi ég þannig ekki fyrirmæl- in að ofan heldur mundu tillögurnar koma að neðan þ.e. frá grasrótinni. Við verðum að vera móttækilegir fyrir þörfum viðskiptavina okkar, þ.e. félaganna í Lionshreyfingunni, því þeir eru kaupendur Lionshugmyndarinnar. Það eru þeir sem gefa af tíma sínum svo við verðum að vera móttækilegir, hlusta, spyrja spurninga og síðan breyta hlutum, en þó því aðeins að breytinganna sé þörf.



Jimmy Ross og Guðrún Yngvadóttir, Lkl. Eik með styttni af Magnúsi Kjarran, stofnanda Lionshreyfingarinnar á Íslandi á milli sín.

Sigmar Arnar Steingrímsson, Lkl. Fjörgyn

Lions og Rótarý

Nýlega var haldinn mjög sérstakur mannfagnaður í Grafarvogi í Reykjavík. Sumir telja jafnvel að um sé að ræða einstæðan viðburð því líklega hefur það aldrei gerst fyrr að haldinn hafi verið sameiginlegur fundur Lions- og Rótarýklúbbs hér á landi.

Það var hinn 16. mars síðastliðinn að saman komu til fundar í Grafarvogskirkju Lkl Fjörgyn og Rótarýklúbbur Grafarvogs til þess að efla þekkingu og skilning félaga á þessum ólíku mannúðarhreyfingum. Báðir þessir klúbbar hafa fundaraðstöðu sína í Grafarvogskirkju.

Mismunandi hreyfingar

Báðar hreyfingarnar voru stofnaðar í Bandaríkjunum í byrjun tuttugustu aldar, Rótarý árið 1905 en Lions árið 1917. Lionshreyfingin hefur hins vegar náð víðari útbreiðslu og hefur fleiri félaga innanborðs, starfar í um 190 þjóðlöndum en Rótarý í 163. Fjöldi Lionsfélaga er um 1,5 milljón á móti 1,2 milljónum Rótarýfélaga. Rótarý barst til Íslands árið 1934, sautján árum fyrr en Lions, og starfa nú 29 Rótarýklúbbar í landinu með um 1050 félaga en Lionsklúbbararnir eru hátt í 90 og félagar um 2500 manns.

Markmið

Báðar hreyfingarnar hafa sama markmið, þjónustu á sviði líknar- og mannúðarmála, sem endurspeglast í einkunnarorðum Lions, „Við leggjum lið“, og Rótarý, „Þjónusta ofar eigin hag“. Til þess að manna hreyfinguna og ná markmiðum sínum fara hreyfingarnar þó ólíkar leiðir. Við Lionsmenn vitum hvernig Lionsklúbbar eru uppbyggðir en innan Rótarýklúbba er reynt að hafa fulltrúa sem flestra starfsgreina, fólk úr viðskipta- og atvinnulífi og opinberri þjónustu og fólk sem er í fararbroddi í atvinnulífi síns sveitarfélags eða hverfis. Með því móti leitast Rótarý við að stuðla að auknum kynnum sem geta glætt skilning og aukið vinskap manna á milli.

Lions og Rotarý-fundurinn

Umræddur samfundur Lkl Fjörgynjar og Rótarýklúbbs Grafarvogs, var komið á að frumkvæði Rótarýmanna og hófst að lokinni helgi-stund í Grafarvogskirkju þar sem Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra, las úr Passíusálmunum. Ráðherran var aðalræðumaður kvöldins og sérstakur heiðursgestur ásamt

æðstu embættismönnum hreyfinganna, Þórunni Gestsdóttur fjöllumdæmisstjóra og Agli Jónssyni umdæmisstjóra Rótarý. Því miður forfallaðist Þórunn á síðustu stundu og gat því ekki setið fundinn. Fundinn sóttu félagar klubbanna og gestir þeirra. Snæddir voru dýrindis réttir úr landbúnaðargeiranum, m.a. paprikkuríkt „Ráðherrasalat“, áður en fulltrúi hvers klúbbs flutti stutta kynningu á sínum klúbbi og hvaða sýn þeir hafa í líknar- og mannúðarmálum almennt og félagsmálum Grafarvogs. Í lok fundar flutti ráðherrann frábæra ræðu, þar sem flétt að var saman grín með alvarlegum undirtón.



Frá vinstri Egill Jónsson umdæmisstjóri Rótarý, kona hans Alma Valdís Sværrisdóttir, Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra, Sr. Bjarni Þór Bjarnason, forseti Rótarýklúbbs Grafarvogs og Sigmar Arnar Steingrímsson, formaður Lkl Fjörgynjar.

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar, Ashok Metha skrifar

Plús einn – Markmið starfsársins

Í nokkur ár virðumst við hafa staðið í stað með 1.4 milljón félaga. Eftir að hámarksfjöldi var náð 1996 virðumst við hafa misst flugið Þess vegna er nauðsynlegt að forustumenn klúbba beini athygli sinni að nýliðun, félaga-gæslu og félagafjölgun því öll vitum við að vöxtur þýðir fjölbreyttari þjónusta. Þess vegna verður hreyfingin að vaxa.

Það hefur verið réttilega eftir mér haft að: „Liðveisla Lionsfélaga byggist á metnaði til að ná sem bestum árangri við að bæta líf annarra. Þessi metnaður hefur áunnið Lionsfélögum viðurkenningu sem fremstu sjálfbóðaliðasamtök heims.“

Í framhaldi af fundi sem haldinn var í höfuðstöðvum Samtaka Lionsklúbba spáði ég eftirfarandi: Starfsárið 2005-2006 verður ár fjölgunar á heimsvísu. Það verður árið sem við



Ashok Metha.

náum að nýta reynslu okkar til að gera þetta ár að gæðaári í starfi hreyfingarinnar, ári félaga-gæslu, ári félagafjölgunar, ári kvenna og æskufólks.

Þessu til áherslu kynni ég fyrir ykkur einkunnarorð mín: „**Brennandi metnaður**“, en þau eru í fimm efnisþáttum. Hátt á forgangslistanum er **Metnaður til fjölgunar**.

Á undanförunum árum hefur mikið verið rætt um félagafjölgun. Enn verður aukin áhersla lögð á félagafjölgun og í því skyni hef ég skipaði starfshóp um **MARKMIÐ 30** sem aðstoða skal umdæmisstjóra, varaumdæmisstjóra og MERL-hópa við að tryggja vöxt hreyfingarinnar.

Plús einn átakið gerir kröfur til allra klúbba og umdæma um að fjölga um einn. Viðurkenningar verða veittar öllum þeim sem taka þátt. Félagapróun felur í sér félagafjölgun, nýja klúbba og betri árangur

í félaga-gæslu. Með því að bjóða nýjum félögum í hópinn bætum við félagastöðuna og með því að stofna nýja klúbba stuðlum við að frekari vexti. Félagagæsla verður samt sem áður lykilatriði því oft hefur verið sagt að það séu fleiri fyrrverandi Lionsfélagar á meðal okkar en virkir félagar. Sérhver klúbbur verður einfaldlega að sjá um að halda í sína félaga. Tákist það, mun inntaka nýrra sem og fyrrverandi félaga sem vilja koma aftur, tryggja fjölgun. Munum að alstaðar eru menn og konur sem mundu þiggja með þökkum boð um að ganga til liðs við stærstu sjálfbóðaliðssamtök heims.

Plús einn átakið

Einn í viðbót getur leitt til umtalsverðs árangurs. Ef sérhver klúbbur bætir við einum félaga og ef í hvert einasta umdæmi bætist einn klúbbur, hefur það í för með sér að 60.000 fleiri munu leggjast á sveif með okkur við að leggjast á lið.

Ólafur Briem skrifar

SAFNARINN

Jósef H. Þorgeirsson sóttur heim

Tuttugasti og fimmti júní heilsaði með sudda. Gróðurinn þurfti á þessu að halda eftir langa þurrkatið. Þetta sást best á trjánnum og blómunum í Grundarlandinu þegar ég gekk út í bíl og þau kölluðu glaðlega á eftir mér: „Góða ferð“. Það hafði lengi staðið til að ég skryppi upp á Akranes og heimsækti Jósef H. Þorgeirsson til að skoða mekilegt safn Lionsmuna sem mér var kunnugt um að hann ætti.

Jósef gekk til liðs við Lionshreyfinguna þann 7. október 1965 þegar hann gekk í Lionsklúbb Akraness. Auk fjölda nefndarstarfa í klúbbsínum var hann ritari 1969-1970 og formaður 1970-1971 en hefð er fyrir því í klúbbum að ritari verður formaður árið á eftir. Hann varð svo formaður aftur 1987-1988 og verður það í þriðja sinn 2005-2006.

Umdæmisstjóri í A - félagi í B

Það eru ekki margir sem geta státt af eins mikilli tryggð við hreyfinguna eins lengi og Jósef. Hann hefur í árána rás oft verið skipaður til ýmissa embættanna í umdæmisstjórn og fjöllumdæmisráði og var umdæmisstjóri umdæmis 109A 1974-1975 og fjöllumdæmisstjóri 1975-1976. Nú kann einhver að spyrja hvernig það megir vera að umdæmisstjóri í Lkl. Akraness, sem er í 109B hafi verið umdæmisstjóri í 109A. Skýringin er sú að á þessum tíma var klúbburinn í A umdæminu.

Varðveisla merkja og muna

Það voru fáir á ferð í suddanum og kom mér á óvart hversu stutt var upp á Akranes. Jósef hafði undirbúið komu mína með því að taka fram möppur og öskjur af ýmsum stærðum og gerðum. Öskjur, sem áður höfðu haft það hlutverk að hýsa öngla og þess háttar dót í veiðiferðum, höfðu nú hlotið annað hlutverk. Hann opnaði möppurnar og

öskjurnar eina af annarri um leið og hann sagði mér sögu þeirra merkja og muna sem í ljós komu.

Söfnunarupphafið

Jósef sagðist alla tíð hafa átt erfitt með að henda og í gegnum tíðina hafi hin og þessi merki og munir bókstaflega „leitað hann uppi“ eftir að það fór að spyrjast að hann hefði á þeim áhuga.

Alþjóðabarmmerkin

Meðal Lionsmerkja sem Jósef á í förum sínum eru öll alþjóðabarmmerki sem fulltrúar hreyfingarinnar hafa haft með sér á alþjóðþing. Á þessum þingum eru lífleg merkja-skipti auk þess sem fjöllumdæmisstjóri og umdæmisstjórar gefa embættismönnum sínum merkið til minningar um sitt starfsár í fjöllumdæmis og/eða umdæmisstjórn.

Fyrstu merkin sem farið var með á alþjóðþing voru venjuleg „túristamerki“. Var farið með a.m.k. tvær gerðir af slíkum merkjum sem höfðu enga tilvísun til Lionshreyfingarinnar né viðkomandi þings. Næst komu til sögunnar þrennskornar merki sem voru í formi korts af Íslandi og gerð í brons, silfurlituð og gyllt. Merkin voru gerð af Magnúsi E. Baldvinssyni sem í áratugi hefur verið félagi í Lkl. Nirði og var fyrir löngu veitt Melvin Jones viðurkenning af félögum sínum. Þessi merki voru nokkuð sérstök að því leyti að í þau vantaði öll tengsl við fjöllum-



„Safnarinn“.

dæmi 109, ártal alþjóðþings og nafn landsins sem merkið kom frá. Var bersýnilega gert ráð fyrir að erlendir Lionsfélagar gerðu sér grein fyrir hvað landsmyndin táknaði án þess að það væri stafað ofan í þá. Merki sem á eftir komu voru teiknuð af Halldóri Péturssyni listmálara, Hilmari Sigurðssyni í Lkl. Baldri og ýmsum öðrum. Hefur Jósef í huga að skrifa sögu þessara barmmerkja og yrði það verðugt innlegg í sögu Lionshreyfingarinnar á Íslandi

Önnur Lionsmerki

Auk Leo-, Lionessu- og unglinga-skiptamerkja sem í safninu eru getur þar að líta 100% umdæmisstjóra-viðurkenningarmerki Jósefs sem honum þykir hvað vænst um og

einnig 100% mætingarmerki frá upphafi.

Jósef sýndi mér minnispeninga frá 25 ára afmæli Lionshreyfingarinnar á Íslandi 1976. Minnispeningurinn var teiknaður af Halldóri Péturssyni, listmálara og Lionsmanni. Peningurinn var aðallega gefinn út í bronsi, en þrjátíu eintök voru silfurhúðuð og tölusett á rönd. Jósef á gripi sem gerðir voru í tilefni af 75 ára afmæli Alþjóðasambands Lionsklúbba. Þar á meðal eru tvær gerðir minnispeninga sem bera númer og er annar úr silfri, sérleginn.

Jólamerki.

Nokkrir Lionsklúbbar á Íslandi hafa í gegnum tíðina gefið út jólamerki til fjáröflunar. Lionsklúbbur Siglufjarðar ruddi brautina og hóf

ÍÞRÓTTATÖSKUR LIONS

eru komnar aftur í
takmörkuðu upplagi

Lionsskrifstofan

útgáfu jólamerkja 1957 með merki sem Sigurður Gunnarsson félagi í klúbbum teiknaði. Síðan fylgdu nokkrir klúbbar í kjölfarið, m.a. Lkl. Þór í Reykjavík sem í dag er eini klúbburinn sem gefur út jólamerki. Jósef á öll þessi jólamerki og hann á nær allar heilar arkir með þessum merkjum. Aðeins vantar örfáar fyrstu arkirnar frá Siglufirði.

Lionsblaðið

Lionsblaðið á Jósef frá upphafi og er ekki ánægður með núverandi brot blaðsins sem hann segir síður en svo safnaravænt. Blaðið hefur komið út í fjórum stærðum frá upphafi.

Margt annað prentað mál sem Lionshreyfingin hefur gefið út er að finna í safni Jósefs; félagatöl, árskýrslur klúbba, fjáröflunarblöð og afmælisblöð.

Komið víða við

Fyrir utan Lionsmerki, sem með einum eða öðrum hætti tengjast Íslandi, er í safni Jósefs að finna ýmsa minnispeninga sem út hafa verið gefnir á Norðurlöndum sem og merki og minnispeningar sem Svavar Gests fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður sendi honum til varðveislu skömmu fyrir andlát sitt.

Jósef sýndi mér álitlegt safn af frímerkjum sem komið hafa út víðsvegar um heim af ýmsum tilefnum og eiga það sameiginlegt að bera Lionsmerkið. Þar eiga margar virðulegar póststjórnir hlut að máli og hafa gefið merkin út til heiðurs Lionshreyfingunni og til að minna á gagnmerkt starf hennar. Merkin skipta hundruðum og eru fjölbreytt að allri gerð.

Ekki er nokkur leið í einni grein að lýsa til fullnustu glæsilegu safni Jósefs á Lionsmunum sem leitað hafa hann uppi í árána rás. Er það von mín að fjölumdæmisráð semji við Jósef um uppsetningu sýningar á merkjunum í tengslum við fjölumdæmisþing hreyfingarinnar að ári.

Hin hliðin á safnanum

Ekki verður lokið þessari lýsingu á safni Jósefs H. Þorgeirssonar án þess að minnst sé viðamikils safns merkja ungmennafélaga, veiðifélaga, karlakóra, Félags íslenskra leikara, ferðafélaga auk frímerkja og korta sem væri efni í aðra grein um safnarann Jósef H. Þorgeirsson. Meðal þess sem þar gat að líta var merki Jón Sigurðssonar frá 1911 auk uglu, einkennismerkis Menntaskólans á Akureyri, en ugla var einmitt einkennismerki Þórunnar Gestsdóttur í embætti fjölumdæmisstjóra. Þá var líka þar á meðal merki Ku klux klan. Aðspurður þverneit-

aði Jósef samt að hann væri félagi og var ekki nokkur leið að fá hann til að tjá sig um hvernig hann hefði komist yfir merkið.

Það tók lengri tíma en ég hafði gert ráð fyrir að skoða safnið. Það var ekki fyrr en eftir að hafa þegið bæði morgunkaffi og ljúffengan ofnbakaðan lax í hádeginu hjá Þóru Björk að kominn var tími til að hafa sig í bæinn.

Það rigndi alla leiðina. Gott fyrir gróðurinn, hugsaði ég, og þegar ég gekk upp tröppurnar heima var sem kallað væri glaðlega á eftir mér: „Velkominn heim“.



„Akranesmerki“ í safni Jósefs.

FRÉTTATILKYNNING

Heimsókn alþjóðaforsetahjónanna

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar Ashok Mehta og Kokila kona hans verða stödd á Íslandi dagana 23.-25 ágúst.

Fyrirhuguð er móttaka í Lionsheimilinu Sóltúni 20 23. ágúst frá kl 17.30 til 19.30 og væntum við þess að sem flestir Lionsfélagar, Lionessur og makar sjái sér fært að koma til að kynnst þeim hjónum.

Daginn eftir, 24. ágúst, verður forseti Íslands heimsóttur og einnig verða stofnanir þar sem Lionsklúbbar hafa komið við sögu heimsóttar. Fleira er í pokahorninu eftir því sem tími vinnst til. Alþjóðaforsetahjónin halda svo af landi brott að morgni 25.ágúst.

Fjölumdæmisstjórn

Tilkynning frá fræðslustjóra

Áhugavert

**Leiðtoganámskeið Lions í Stuttgart
6.- 10. nóvember 2005.**

Námskeiðið er haldið í tengslum við Evrópuþing Lions og er fyrir alla þá Lionsfélaga sem hafa gegnt embætti formanns í klúbbum sínum en hafa ekki náð svo langt að verða varaumdæmisstjórar.

Hægt er að velja um námskeið á ensku eða þýsku.

Umsóknareyðublöð og aðrar upplýsingar fást hjá fræðslustjóra Hrund Hjaltadóttur netfang hrundh@itn.is

Sími 663-5675 og á heimasíðu LCI.

ATHUGIÐ

Umsóknarfrestur er til 22. ágúst 2005

*Sumarkveðja
Hrund Hjaltadóttir fræðslustjóri*

Óli Már Aronsson, Lkl. Skyggni.

Golfmótið á Rangárvöllum

Hið árlega golfmót Lionsklúbbsins Skyggnis fór fram á Strandarvelli á Rangárvöllum þann 22. maí sl. 27 keppendur frá 4 Lionsklúbbum ásamt nokkrum gestum þeirra mættu til leiks í frekar svölu veðri og talsverðum vindi, sérstaklega þegar leið á daginn. Þátttakendur voru þó ánægðir að lokum og fannst þetta hressandi.



Keppt var í nokkrum flokkum og veittar viðurkenningar fyrir allt að 6 efstu sætin í hverjum flokki. Einnig voru tvenn holuverðlaun í boði, 6 veglegar matarkörfur voru dregnar úr skorkortum og síðast en ekki síst var keppt í sveitakeppni um veglegan farandgrip, sem kom í hlut Lkl. Ásbjarnar eins og oftast áður. Styrktaraðilar mótsins voru Kaupþing Banki á Hellu, Sláturfélag Suðurlands, Reykjagarður, Ferskar kjötvörur og verslunin Laufafell á Hellu. Lionsmót Skyggnis var fyrst haldið árið 1994 og er nú haldið í 11. skipti. Tilgangur mótanna er að stuðla að kynningu meðal Lionsmanna sem stunda golf, ásamt því að vera lítillháttar fjáröflun fyrir Skyggni. Mest hafa um 60 þátttakendur mætt til leiks. Sjá má fleiri myndir frá afhendingu viðurkenninga á heimasíðu Skyggnis www.rang.is/skyggnir

Úrslit úr golfmóti Lionsklúbbsins Skyggnis 2005.

Verðlaun eða viðurkenningar komu í hlut neðangreindra:

Næst holu á 11 braut. Þórarinn Arnórsson 4,35 m
Næst holu á 2 braut Björgvin Björgvinsson 7,03 m

Gestaflokkur :

Björgvin Sigurðsson	34 p
Kristinn Eymundsson	31 p
Björn Sigurðsson	29 p
Steindór Tómasson	24 p
Gunnar Austmann	23 p.

Kvennaflokkur :

Marólina G Erlendsdóttir	Lkl. Nirði.	33 p.
Sigríður Hannesdóttir	Lkl. Skyggni	29 p.
Vilborg Gunnarsdóttir.	Lkl.Ásbirni	19 p.

Unglingaflokkur :

Benedikt Sveinsson.	Lkl. Ásbirni	26 p.
---------------------	--------------	-------

B.flokkur karla :

Ólafur S Vilhjálmsson.	Lkl. Ásbirni	33 p.
Jóhann B Skúlason.	Lkl. Ásbirni	32 p.
Þórarinn Arnórsson	Lkl. Víðarri	30 p
Jón G Briem	Lkl. Víðarri	26 p.
Magnús Kristinsson.	Lkl. Ásbirni	26 p.
Þorleifur Sigurðsson.	Lkl. Ásbirni	21 p.

A.flokkur karla:

Hilmar Eiríksson.	Lkl. Ásbirni	30 p.
Björgvin Björgvinsson	Lkl. Nirði	28 p.
Guðmundurt S Guðmundsson	Lkl. Víðarri	27 p.
Vignir B Hauksson.	Lkl. Víðarri.	26 p.
Bjarni G Sveinsson.	Lkl. Nirði	26 p.
Þorsteinn Ragnarsson.	Lkl. Skyggni	23 p.

Sveitakeppni:

Lionsklúbburinn Ásbjörn vann sveitakeppnina á	95 p.
Lionsklúbburinn Njörður var í öðru sæti á	87 p.
Lionsklúbburinn Víðarr var í þriðja sæti á	83 p.

Lionsfræðslan

LEIÐTOGASKÓLI Lions á Íslandi

2005 – 22.–23. október og 12.–13. nóvember – 2005

Leiðtogaskóli Lions á Íslandi

Lionshreyfingin hefur undanfarin ár, staðið fyrir öflugri fræðslu og þjálfun leiðtoga. Alþjóðastjórn hefur látið útbúa námsefni og boðið Lionsfélögum upp á leiðtogaþjálfun í öllum heimsálfum. Á Íslandi hafa verið haldin mörg stutt námskeið í leiðtogaþjálfun, en nú er í fimmta sinn boðið upp á skóla í þessari mynd. Skólinn okkar, sem kennir markvissar aðferðir við stjórnun og félagsstörf, er sambærilegur við „Lions Leadership Institute“ sem er haldinn einu sinni eða tvisvar á ári í hverri heimsálfu. Okkar skóli uppfyllir kröfur alþjóðastjórnar um efni, skipulag og gæði. Alþjóðastjórn veitir skólanum fjárstuðning.

Leiðtogaskólar í Evrópu

Leiðtogaskóli Lions eða „Lions Leadership Institute“ er 4-5 daga skóli sem haldinn er í öllum heimsálfum. Fyrir Lionsfélaga í Evrópu hafa verið haldnir skólar í: Austurríki (apríl 1999), Tyrklandi (sept. 1999), Frakklandi (apríl 2001), Þýskalandi (apríl 2002) og Danmörku (apríl 2004). Þessir skólar voru allir fyrir „unga“ Lionsfélaga (minna en 8 ár í Lions). Fyrsti skólinn í Evrópu fyrir „reynda“ Lionsfélaga var á Ítalíu (okt. 2000), sá næsti í Portúgal (sept. 2001) síðan í Brussel (sept. 2002) og Ítalíu (sept. 2004). Íslendingar hafa bæði verið nemendur og kennarar í þessum skólum. Þeir kenna á leiðtoga námskeiðum okkar á Íslandi

Leiðtogaskólar heima

Í Evrópuskólunum eru þátttakendur frá mörgum löndum Evrópu og kennt á ensku. Slíkt fyrirkomulag er kostnaðarsamt og hentar misvel. Aðgengilegra er að hafa skólana heima og kenna á móðurmálinu. Þess vegna er næsta skref að færa leiðtoga skólana heim til sem flestra landa. Í Evrópu voru fyrstu tveir „leiðtogaskólar heima“ haldnir haustið 2000 í Englandi og á Íslandi. Síðan hafa verið fjórir skólar í Evrópu og allir á Íslandi.

Fyrir ALLA Lionsfélaga

Lionskólinn okkar er fyrir alla Lionsfélaga, sem vilja tileinka sér markvissar aðferðir til að ná árangri, hvort sem það er við Lionsstörf, önnur störf, í fjölskyldulífi og mannlegum samskiptum. Markmiðið er einfaldlega að Lionsfélagar verði sterkari einstaklingar.



Kennarar og leiðbeinandi á síðasta starfsári með fræðslustjóra. Valdimar Jónsson, Lkl. Tý, Jón Gröndal, Lkl. Nirði, Margrét Jónsdóttir, Lkl. Fold, Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar, Hrunð Hjaltadóttir skólustjóri, Lkl. Fold, Þór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn, Jóhanna Valdimarsdóttir, Lkl. Kaldá, og Guðmundur H. Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.

Fræðsla fyrir þinn klúbb
2005-2006

Lionshreyfingin stendur fyrir miklu fræðslustarfi.

Félögum stendur til boða fjölbreytt úrval námskeiða, sem miða að því að efla félagana, styrkja klúbbstarfið og þjálfa leiðtoga.

Klúbbformenn-svæðisstjórar!

Lionsklúbbar og svæði geta pantað námskeið á þeim tíma og stað sem best hentar hverju sinni.

Svæðisstjórar fá oft til sín námskeið á svæðisfundum. Margir klúbbar fá til sín kynningu á Lionsfundum. Sumir klúbbar eða svæði fá skipulagðan heilan námskeiðsdag fyrir sig og það eru án efa skemmtilegustu og gagnlegustu námskeiðin. Við stingum upp á heilum laugardegi eða sunnudegi. (Leiðtogaskólinn er í 4 daga). Mikil-

vægt er að kynna námskeiðin vel, til að tryggja þátttöku.

Enn meiri leiðtogi:

Námskeiðið er ætlað fyrir þá sem hafa setið Leiðtogaskóla Lions og hafa áhuga á að heyra meira um leiðtogaþjálfun.

Kennarar: Þeir sömu og kenna við Leiðtogaskólann.

Ræðunámskeið.

Þetta námskeið er upplagt fyrir klúbba að sækja um að halda í klúbbum sínum fyrir ca. 12-14 félagi í einu. Námskeiðið er sett upp sem tveggja kvöld námskeið með nokkurra daga millibili til að sem mest komi út úr námskeiðinu. Kostnaður við þetta námskeið er eitt þúsund krónur pr. félagi sem tekur þátt (kennslugögn) Klúbbformenn vinsamlega hafið samband ef þið hafið áhuga.

Ágætu félagar utan stórhöfuðborgarsvæðisins: Öll námskeið er hægt að panta. Tími og staður er þá eftir samkomulagi. Þið getið líka pantað námsgögn ef þið hafið kennara í klúbbum sem getur kennt námsefnið. Fleiri námskeið verða á dagská í vetur og verða þau kynnt síðar. Þú mátt gjarnan koma með nýjar hugmyndir og óskir.

Leiðtogaþjálfun -Hvaða efni?

Vaxandi áhugi er á leiðtogaþjálfun og er mikið úrval námskeiða á því sviði. Hægt að velja nokkur og setja saman skemmtilega dagskrá. Hver liður tekur 1-2 klst. eftir því hvort verkefni eru tekin með.

- Stjórnunaraðferðir – Leiðtogastílar.
- Stekur leiðtogi – Virkni og frumkvæði.
- Að setja saman teymi – Öflugt hópstarf.
- Árangursrík liðsheild: Virkja og hvetja.
- Samskipti og virk hlustun.
- Stefnumótun – Markmiðasetning.
- Ákvarðanatöku – Að deila út verkefnum.
- Fundarstjórn – Fundarsköp.
- Skipulögð nefndarstörf.
- Verkefnastjórnun.
- Úrlausn vandamála – Að stjórna deilum.
- Áhrifaríkur málflutningur – Ræðumennska

Formenn klúbba, svæðisstjórar og aðrir þeir sem láta sig Lionsmálefni varða og eru sammála okkur um að góð fræðsla styrki Lionsstarfið!

Hafið samband.

Ágætu félagar hafið það þó í huga að Lionskennararnir okkar eru í vinnu alla virka daga og kenna á námskeiðunum í sjálfboðavinnu í frítíma sínum. Þess vegna getur verið erfitt að fara út á land í miðri viku. Helgarnámskeið henta betur nema í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægt er að kynna námskeiðin vel til að tryggja góða þátttöku. Miðað er við lágmark 20 manns til að Lionshreyfingin greiði ferðakostnað kennara.

Ef þú vilt panta námskeið, fá meiri upplýsingar eða koma hugmyndum á framfæri, vinsamlegast hafðu samband við undirritaða. Munið að þarf að skrá sig á námskeiðin annað hvort á skrifstofunni eða hjá fræðslustjóra.

Hrunð Hjaltadóttir
fræðslustjóri MD 109

Símar: 5667686 GSM 6635675

Netfang hrundh@itn.is

hrund1@seljaskoli.is

UMSÓKNAREYÐUBLAD													
Lions-SKÓLI á Íslandi 22.-23. október og 12.-13. nóvember 2005													
<table border="1" style="width: 100%;"> <tr> <td colspan="2">Nafn</td> </tr> <tr> <td>Heimilisfang</td> <td>Postfang</td> </tr> <tr> <td>Heimasími</td> <td>GSM</td> </tr> <tr> <td colspan="2">Netfang</td> </tr> <tr> <td colspan="2">Klúbbur</td> </tr> <tr> <td colspan="2">Afbogastendur</td> </tr> </table>		Nafn		Heimilisfang	Postfang	Heimasími	GSM	Netfang		Klúbbur		Afbogastendur	
Nafn													
Heimilisfang	Postfang												
Heimasími	GSM												
Netfang													
Klúbbur													
Afbogastendur													
<p>Þátttakendur: Allir Lionsfélagar geta sótt um. Hámarksfjöldi er 30 manns. Verð: Þátttökugjald er 15000 Innifalið er kennsla, námsgögn, fæði og gisting.</p> <p>Námari upplýsingar veita: Hrunð Hjaltadóttir Hs. 5667686 GSM: 6635675 netfang hrundh@itn.is Þór Steinarsson: Hs. 567-2036, GSM 860-3516 setfang: thor.steinarnson@tv.is</p>													
<p>Umsóknir sendist til Lionsskrifstofunnar, Söltúni 20, 105 Reykjavík, eða á FAXI 561-5122. Umsóknarfrestur til 25. september. Umsóknnum svarað 30. sept.</p>													



Þægindi, Ró og Hvíld

Er það sem þú upplifir í nuddpotti frá Coast spas, jafnvel áður en þú ert komin ofan í.

Víð hjá Poulsen höfum áralanga reynslu í sölu og þjónustu á nuddpottum. Víð völdum Coast spas nuddpottana þar sem þeir bjóða upp á gæði, þægindi, áræðanleika og fallega hönnun.

Ánægja viðskiptavina hefur sannfært okkur um að Coast spas pottarnir henti íslenskum aðstæðum afar vel.

Víð vitum jafnframt að þegar fólk kaupir sér nuddpott þá er það að hugsa til framtíðar. Þess vegna leggjum víð okkur fram víð að bjóða heildarlausnir varðandi allar vörur tengdar pottum svo sem hreinsivörur síur og varahluti.

Hugsaðu málið til enda, skoðaðu hvað er í boði og gerðu samanburð.

Poulsen hefur þjónað íslendingum síðan 1910.



*Skeifan 2 108 Reykjavík Sími: 530 5900 Fax: 530 5910
www.poulsen.is poulsen@poulsen.is
Opnunartimar: Mánudaga til föstudags 8:00 til 18:00*